

ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Ár 2014, miðvikudaginn 22. janúar, kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman á skrifstofu formanns að Laugavegi 3, Reykjavík. Mættir voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 5. júní 2009, fór stjórn Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins. Kemur fram í bréfinu að gildandi arðskrá sé frá árinu 2002. Með bréfi matsnefndar, dags. 9. september 2009, var veiðifélaginu tilkynnt að beiðnin væri tæk til afgreiðslu átta árum eftir gerð síðustu arðskrár, eða 18. desember 2010. Eftir þau tímamörk tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn föstudaginn 21. október 2011 í Árhúsi, Hellu. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. mat á arðskrá fyrir Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár.

Á fundinum kynnti formaður veiðifélagsins að matsnefnd yrði síðar send skýrsla um veiði í ánni, skipt á veiðistaði. Nokkur umræða var um það hvaða þættir væru lagðir til grundvallar við arðskrármat. Rætt var um fyrirliggjandi bakkalengdarmælingu og hvernig hún hefði verið unnin. Samþykktu fundarmenn tillögu stjórnar félagsins um að áin yrði mæld að nýju og að við þá mælingu skyldi beitt nýjustu tækni, en að fyrirliggjandi búsvæðamat yrði lagt til grundvallar við arðskrármat. Frumdrög skýrslu um mælingu bakka hveirrar jarðar og lengd búsvæða bárust matsnefnd um mitt ár 2013 en endanleg skýrsla er dagsett 14. janúar 2014.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til mats-

nefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum hluta þeirra fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

3. Vettvangsganga/staðhættir

Matsnefnd fór að loknum matsfundi í vettvangsferð um það svæði sem til mats er. Var í ferðinni rætt við þá veiðiréttareigendur sem óskuðu eftir að hitta matsmenn á tilgreindum stöðum og voru aðstæður þar skoðaðar sérstaklega. Þá skoðaði nefndin á ný aðstæður á vatnasvæðinu haustið 2013, sérstaklega með tilliti til þeirra sjónarmiða sem einstakir veiðiréttareigendur höfðu teft fram í greinargerðum sínum til nefndarinnar.

Ytri-Rangá er 60 km löng og telst ein stærsta lindá landsins. Hún á upptök sín í Rangárbotnum norðan við Heklu í um 200 m hæð yfir sjó. Neðarlega í ánni eru tveir fossar, Árbæjarfoss, um 23 km frá sjó, og Ægissíðufoss, sem er um 7 km neðar en Árbæjarfoss. Í þeim báðum hafa verið gerðir fiskistigar. Um 5,5 km neðan við Ægissíðufoss sameinast Þverá og Ytri-Rangá og úr verður Hólsá, sem fellur síðan í sjó um 10 km neðar. Fyrir liggur að laxagengd á vatnasvæðinu er að mestu til komin vegna seiða-sleppinga. Í vettvangsferðinni voru slepptjarnir skoðaðar svo og öll aðstaða við ána.

4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 1027/2012, sem staðfest var af Fiskistofu 19. nóvember 2012 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 3. desember s.á. Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu eigendur/ábúendur jarða og landareigna sem land eiga að vatnakerfi Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár, en undanskildir eru lækirnir Hróarslækur og Galtalækur.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafi henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu beri einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á svæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu sé heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Í 11. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins eru félagsmenn skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna: Landmannaafreittur, Næfurholt, Hólar, Merkihvoll, Galtalækur, Galtalækur 2, Leirubakki, Vatnagarðar, Selsund, Haukadalur, Svínhagi, Stóru-Vellir, Húsagarður, Bolholt, Réttarnes, Hrólfsstaðahellir, Tjörfastadir, Þingskálar, Kaldbakur, Bjalli, Efra-Sel, Neðra-Sel, Lunansholt 1, Lunansholt 2, Lækjarbotnar, Holtsmúli 1, Holtsmúli 2, Heiðabrekka, Heiði 1, Heiði 2, Austvaðsholt 1, Austvaðsholt 2,

Snjallsteinshöfði 1, Snjallsteinshöfði 2, Geldingalækur, Gröf, Árbakki, Árbær, Breiðibakki, Kvistir, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún, Helluvað 1, Helluvað 2, Helluvað 3, Nes, Bjarg, Ægissíða 1, Ægissíða 2, Ægissíða 3, Ægissíða 4, Gaddstaðir, Selalækur 2 og 3, Selalækur 4, Oddi, Vindás, Lang-Ekra, Sólvellir, Hrafnatóftir 1, Hrafnatóftir 2, Bjóla 1, Bjóla 2, Bjóluhjáleiga, Bali 1, Bali 2, Borgartún 1, Borgartún 2, Brekka, Búð 1, Búð 2, Dísukot, Eyrartún, Háber 1, Háber 2, Hákot, Háir-Rimi 1, Háir-Rimi 2, Hávarðakot, Hraukar, Húnakot, Jaðar 1, Jaðar 2, Litla-Rimakot (Borg), Melur, Miðkot, Norður-Nýjabær, Oddspartur, Sigtún, Skarð, Skinnar, Smáratún, Sólbakki, Stóra-Rimakot, Suður-Nýjabær, Tjörn, Tobbakot 1, Tobbakot 2, Unuhóll 1, Unuhóll 2, Vatnskot 1, Vatnskot 2, Vestur-Holt og Önnupartur.

6. Rekstur veiðivatna

Í aprílmánuði 2010 gerði veiðifélagið leigusamning um stangveiðiréttindi á vatnasvæði Ytri-Rangár og vesturhluta bakka Hólsár, frá sjávarósi að upptökum, ásamt Galtalæk, fyrir árin 2010, 2011, 2012 og 2013. Jafnframt fylgja afnot af húsum veiðifélagsins. Leigutaki greiðir í leigu til veiðifélagsins 92.500.000 krónur fyrir veiðitímabilið 2010, 100.050.000 krónur fyrir veiðitímabilið 2011, 106.053.000 krónur fyrir veiðitímabilið 2012 og 112.416.000 krónur fyrir veiðitímabilið 2013.

Samkvæmt rekstrarreikningi veiðifélagsins voru greiddar 10.000.000 króna í arð á árinu 2011 en ekki var greiddur út arður á árinu 2012.

7. Sjónarmið eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í veiðifélaginu gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent öllum veiðiréttareigendum í kjölfar framangreinds fundar hinn 21. október 2011. Bárust nefndinni bréf frá eftirtöldum veiðiréttareigendum. Hér á eftir verður vikið að helstu sjónarmiðum er þar koma fram.

7.1 Bjóla og Hrafnatóftir 1 og 2

Talsmaður eiganda jarðanna lýsir því sjónarmiði að ekki eigi að taka tillit til hliðarlækja við arðskrármatið. Þeir lækir sem tekið hafi verið tillit til í gildandi arðskrá skili engri veiði. Réttast væri að eigendur þeirra stofnuðu sér veiðifélög eins og gert hefði verið um Hróarslæk/Selalæk og Galtalæk, sem renni í Ytri-Rangá. Ef áfram verði haldið á sömu braut væri réttast að taka tillit til allra lækja, eins og t.d. lækjar í Gunnugili í Hrafnatóftalandi og Fúladalaslækjar í Ægissíðugili.

Hann bendir og á að veiði í ánni sé mjög breytileg milli ára og einstakra veiðistaða. Þannig séu endurheimtur seiða úr sjó mjög mismunandi og eins sé botn Ytri-Rangár á sífelldri hreyfingu. Áin grafi því stöðugt nýja ála og fylli í aðra, skemmi veiðistaði og nýir verði til. Með hliðsjón af þessum sérstöku aðstæðum telji hann heppilegt það fyrirkomulag, sem haft hefur verið á við arðskrárgerð fyrir veiðifélagið frá því gildandi arðskrá tók gildi á árinu

2002, að arðskráin sé uppfærð árlega þannig að hún miðist alltaf við fimm ára tímabil, eitt ár detti aftan af og nýtt ár komi í staðinn.

Eigandinn kveðst loks vísa til áður afhentra gagna varðandi Hrafnjóftaeyju, þess efnis að báðir bakkar árinna á þeim kafla tilheyri Hrafnjóftajörðunum þar sem Ytri-Rangá hafi ekki runnið austur fyrir eyjuna með Oddahverfislandi í nokkra áratugi. Eyja þessi sé hluti af Hrafnjóftalandi og sé það ágreiningslaust.

Eftir að talsmanni Hrafnjóftajarðanna hafði verið kynnt bréf eiganda Odda, þar sem staðhæft er að Hrafnjóftaeyjan tilheyri Odda, sendi hann matsnefnd bréf, dags. 21. janúar 2014, þar sem þessum staðhæfingum er harðlega mótmælt. Jafnframt er ítrekuð sú afstaða eigendanna að eyjan tilheyri Hrafnjóftum 1 og 2. Kemur þar meðal annars fram að Hrafnjóftabændur hafi nytjað eyjuna til heyskapar og beitar. Ljóst sé að markalína á herforingjaráðskorti því frá 1906/1907 sem fylgt hafi bréfi eiganda Odda sé röng og dregin af mönnum sem ekki hafi þekkt aðstæður. Þá standi með réttu í landamerkjabréfi nr. 155 frá 1890: „... til móts við Bjólubæ“ en ekki til móts við Bjólulæk, eins og eigandi Odda haldi fram. Hornmark þetta eigi við um mörk Odda og Selalækjar. Bjólulækur hafi aldrei verið til. Í lok bréfsins er áréttað að aldrei hafi verið uppi ágreiningur um eignarhald umræddrar eyju, enda heiti hún Hrafnjóftaeyja.

7.2 Oddi

Eigendum/fyrirsvarsmönnum jarða Oddahverfis (Odda, Vindáss, Langekru og Sólvalla) voru kynnt framangreind sjónarmið og þeim gefinn kostur á að koma að sínum athugasemdum. Svar barst frá eiganda jarðarinnar Odda í bréfi, dags. 15. janúar 2014. Kemur þar fram að á meðfylgjandi herforingjaráðskorti frá 1906/1907 sé hreppamarkalína sýnd fyrir vestan Hrafnjóftaeyjar. Þá segi í meðfylgjandi landamerkjabréfi fyrir jörðina frá 22. maí 1890 að Ytri-Rangá ráði merkjum að vestan „allt þangað til á móts við Bjólulæk“. Þótt farvegur Ytri-Rangár kunni að hafa breyst breyti það engu um það að Hrafnjóftaeyjan tilheyri Oddajörðinni og beri því að miða við að bakkar eyjunnar komi til mats við ákvörðun um hlutdeild Odda í nýrri arðskrá fyrir veiðifélagið.

7.3 Helluvað 3

Eigendurnir krefjast þess að þeir landeigendur sem leggi land undir sleppitjarnir fái bætur við ákvörðun arðskrár vegna þess átroðnings sem verði þegar hirt séu seiði í tjörnunum. Þó að sleppitjarnir séu ávísun á aukna veiði við þær sé ósanngjarnt að eigandi bakkans á móti fái aukna veiði án þess að leggja neitt til sjálfur því að aðgangur veiðimanna sé bestur við sleppitjarnirnar. Svo sé einnig rétt að geta þess að sums staðar sé staðsetning tjarnanna þannig að landamerki jarðanna skarist í tjörnunum og lítil veiði komi í hlut þess landeiganda sem sé ofar við ána. Einnig sé gerð krafa um að í arðskránni verði meðtalt veiddra fiska síðustu fimm ára notað, eins og gert hafi verið í gildandi arðskrá. Þannig leiðréttist strax ef ákveðin sleppitjörn skili ekki jöfnum árangri. Þá sé ekki hvetjandi fyrir landeigendur að leyfa nýja sleppitjörn í landi sínu sé ekki tekið tillit til þess strax.

7.4 Árbær

Talsmaður eigandans vísar til þess að árið 2002 hafi verið gerð fiskrenna í neðanverðan Árbæjarfoss til að bæta aðgengi laxa að laxastiga, sem byggður hafi verið í efsta hluta fossins árið 1982. Ráðist hafi verið í framkvæmdina að frumkvæði veiðifélagsins í því augnamiði að greiða fiski för. Þannig myndu veiðistaðir ofan fossins nýtast betur og heildarveiði á vatnasvæðinu aukast. Hafi þetta gengið eftir og fiskur í auknum mæli gengið fossinn, en teljari hafi sýnt að árlega gangi u.þ.b. 2.000 laxar þar upp. Mjög lítið hlutfall þess fiskjar hafi hins vegar veiðst ofan fossins, en fiskur virðist einungis veiðast að einhverju ráði í svonefndri Gutlfossbreiðu. Hlutfall Árbæjartorfunnar í heildarveiði Ytri-Rangár af veiðinni árin 2001 og fjögur ár þar á undan hafi verið 6,155%, en árið 2010 og fjögur ár þar á undan hafi þetta hlutfall hins vegar verið verið 2,3%. Sé engin önnur skýring á þessari minnkun en gerð fiskvegarins. Ráðist hafi verið í framkvæmdina eftir að nógildandi arðskrá hafi verið gerð. Telji umbjóðandi hans að við gerð nýrrar arðskrár verði að miða við veiði neðan Árbæjarfoss eins og hún hafi verið fyrir framkvæmdina, enda telji hann fyrir liggja að veiðin ofan fossins hafi ekki aukið arðsemi heildarfiskhverfisins eins og að hafi verið stefnt. Því verði eigendur Árbæjarfoss fyrir eignarskerðingu verði við arðskrármatið nú einungis miðað við þá veiði sem nú fáist neðan fossins.

7.5 Geldingalækur

Í bréfi Landgræðslu ríkisins kemur fram að hún sé umráðahafi stærsta hluta ríkisjarðarinnar Geldingalækjar á Rangárvöllum. Upplýsingar hafi komið fram um að landeigendur Snjallsteinsstaða í Landssveit geri fullt tilkall til hólma sem séu í ánni skammt ofan við Geldingalæk og að þeir haldi því fram að nýtingarréttur hólmannna hafi verið seldur til eigenda Snjallsteinshöfða á sínum tíma. Máli sínu til stuðnings vísir þeir til yfirlýsingar nokkurra bænda en eigandi Geldingalækjar muni ekki hafa skrifað undir yfirlýsinguna og hún sé óþinglýst. Ljóst sé að ekki sé tekin afstaða til þess í eldri landamerkjalyfingum jarðanna til hvorrar jarðarinnar hólmanir heyri. Samkvæmt þessu sé óljóst hvernig eignartilkall eigenda Snjallsteinshöfða að Geldingalækjarhólum sé til komið. Með hliðsjón af því, og þar sem hólmanir hafi fyrrum verið nýttir til sauðfjárbæitar frá Geldingalæk, geti Landgræðsla ríkisins ekki annað en gert tilkall til hólmannna og að arður vegna þeirra verði greiddur til stofnunarinnar. Til vara sé farið fram á að haldið verði eftir greiðslum vegna hins umdeilda svæðis og arður ekki greiddur fyrr en sátt hafi náðst eða málið útkljáð með öðrum hætti. Til þrautavara fari stofnunin fram á að greiðslum vegna hólmannna verði skipt milli jarðanna. Meðfylgjandi sé kort er sýni hið umdeilda svæði.

7.6 Snjallsteinshöfði 1

Eigendur að stærstum hluta jarðarinnar mótmæla staðhæfingu Landgræðslu ríkisins um að tilgreindir hólmar í Ytri-Rangá séu alfarið eign Geldingalækjar. Máli sínu til stuðnings vísir þeir til örnefnaskrár fyrir land Snjallsteinshöfða, en þar segi m.a. svo: „Austur af vallendisbungunni norðan og ofan Hellishóla kvíslast Ytri-Rangá um tvo stóra, grasi vaxna og fagra hólma, sem kallaðir voru einu nafni Hólmanir, en aðgreindir í Ytríey og Eystriey. Eystriey telst vera í landi Geldingalækjar, en Ytríey er sameiginleg eign Snjallsteinshöfða og Geldingalækjar.“ Þá vísir þeir til skjals vegna landsskipta Snjallsteinshöfða, dags. 20. júlí 1984, sem unnið hafi verið af hreppstjóra, varaúttektarmanni og

ráðunauti frá Selfossi, en sá síðastnefndi hafi verið skipaður af sýslumanni Rangæinga. Undir skjalið hafi og ritað þáverandi eigendur jarðarinnar. Í skjalinu komi fram eftirfarandi: „Hólmarnir í Ytri-Þverá svo og öll hlunnindi hinnar upphaflegu jarðar eru óskipt sameign aðila að jöfnu ...“ Með hliðsjón af framangreindu, og þar sem rökstuðningur og tilvísun Landgræðslunnar í landamerkjalyðingu sanni á engan hátt eignarhald Geldingalækjar að umræddum hólum, telji eigendurnir að sanngjarnt sé að eignarhaldi á stærri hólmanum, þ.e. Ytríey, verði skipt að jöfnu á milli Snjallsteinshöfða og Geldingalækjar. Hins vegar geri þeir ekki tilkall til Eystrieyjar og telji þeir hana tilheyra Geldingalæk að öllu leyti.

7.7 Snjallsteinshöfði 2

Eigandinn vísar til þess að þegar Snjallsteinsstaðajörðinni hafi verið skipt í Snjallsteinsstaði 1 og 2, með skiptagerð á árinu 1984, hafi þar sérstaklega verið tekið fram að hólmarnir í Ytri-Rangá væru óskipt sameign jarðanna beggja. Telji hann sig því hafa keypt umrædda hólma, Ytríey og Eystriey, að hálfu þegar hann keypti Snjallsteinshöfða 2 með kaupsamningi 23. október 1995. Samkvæmt því telji hann sig eiganda umræddra hólma að hálfu. Jafnframt tekur eigandinn fram að hann hafi hvergi rekist á það í rituðu máli að hólmur þessir heiti Geldingalækjarhólmur.

7.8 Tjörvastaðir

Í bréfi Landgræðslu ríkisins kemur fram að með afsali, dags. 15. júlí 1945, hafi Sandgræðsla ríkisins, sem nú heiti Landgræðsla ríkisins, eignast hluta úr jörðinni Tjörvastöðum. Ágreiningur hafi verið um gildi afsalsins en með dómi Hæstaréttar frá 12. júní 2012, í málinu nr. 554/2011, hafi eignarhaldið verið staðfest að landinu. Sé nú ljóst að um sé að ræða 400 ha spildu, en annað land jarðarinnar sé spilda nyrst, rúmir 100 ha að stærð, og spilda syðst, rúmir 80 ha. Sé óskað eftir því að mál þetta verði unnið í samræmi við lög og reglur um skiptingu veiðihlunninda í ljósi eignarhalds stofnunarinnar að stærstum hluta jarðarinnar. Meðfylgjandi sé kort er sýni jörðina Tjörvastaði og skiptingu hennar í ljósi dóms Hæstaréttar.

Landgræðslan gerði nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í bréfi, dags. 26. nóvember 2013, og tölvupósti hinn 12. desember sama ár. Kemur þar meðal annars fram að umrædd spilda í eigu Landgræðslunnar sé 397 ha en öll jörðin Tjörvastaðir hafi við sölu verið talin um 581 ha. Spildan, sem hafi landnúmerið 221402, liggi að Tjörvastaðalæk syðst og vestast, eins og sjáist af meðfylgjandi loftmynd, en sá lækur sé hluti af vatnasviði árinna. Einnig sé rétt að geta þess að stofnunin hafi einnig í sinni umsjá ríkisland sem áður hafi verið óskipt land Bjalla, Efra-Sels og Neðra-Sels, sbr. meðfylgjandi loftmynd. Land þetta sé 89,5 ha að stærð, landnúmer 218475, og liggi að Tjörvastaðalæk syðst og austast.

Ekkert hafi verið tekið fram um hlunnindi og því verði að gera ráð fyrir að þau hafi fylgt með spildunni. Ítrekar Landgræðslan þá kröfu sína að veiðiréttindi, og þar með arðskrárhlutdeild ríkisins í jörðinni, verði virt eins og lög og reglur geri ráð fyrir, enda hafi stofnunin, sem umráðaaðili ríkislands, engar heimildir til að gefa þau eftir. Að sama skapi hafi stofnunin engan hug á að ásælast réttindi sem öðrum tilheyri.

Eftir að matsnefnd hafði kynnt framangreind sjónarmið fyrir einum eiganda Tjörvastaða sendi hann nefndinni bréf þar sem kröfu Landgræðslunnar til arðshlutdeildar jarðarinnar er alfarið hafnað. Kemur þar fram að með dómi Hæstaréttar hafi nú verið staðfestur eignarréttur Landgræðslunnar að spildu úr landi Tjörvastaða, þrátt fyrir að spildan hafi á árinu 1945 eingöngu verið afhent Sandgræðslunni til uppgræðslu en ekki eignar. Liggi spilda þessi hvergi að Ytri-Rangá en hún liggi hins vegar á um 800 m kafla að Tjörvastaðalæk. Hlutverk Landgræðslunnar sé að græða upp land en ekki að standa í landvinningum og sé stofnunin því komin út fyrir starfssvið sitt þegar hún nú ásælist veiðirétt þann sem fylgt hafi Tjörvastöðum og eignarhluta eigandans alla tíð.

7.9 Þingskálar og Kaldbakur

Í bréfi Landgræðslu ríkisins kemur fram að Sandgræðsla ríkisins hafi eignast hluta úr óskiptu landi jarðanna Þingskála og Kaldbaks samkvæmt þinglýstu afsali, dags. 21. júní 1939, og sé hún nú umráðahafi þess lands. Hins vegar hafi eigendur þessara jarða dregið í efa gildi afsalsins og verði ekki sátt um eignarhald umrædds landsvæðis fyrr en málið hafi verið útkljáð með atbeina dómstóla. Innan þessa landsvæðis séu upptök Víkingslækjar og renni lækurinn þar um að hluta. Í ljósi þessa sé þess óskað að mál þetta verði unnið í samræmi við lög og reglur. Til vara fari stofnunin fram á að haldið verði eftir greiðslum vegna hins umdeilda svæðis og þær sérgreindar og arður ekki greiddur út fyrr en lögformleg niðurstaða hafi náðst. Meðfylgjandi sé kort er sýni hið umdeilda svæði.

Eftir að matsnefnd hafði kynnt framangreind sjónarmið fyrir eigendum Þingskála og Kaldbaks sendu þeir nefndinni bréf þar sem þeir hafna alfarið kröfu Landgræðslunnar til arðshlutdeildar í jörðunum. Vísa þeir til þess að Landgræðslan eigi engan hlut í jörðum þeirra. Krafa sé alveg órökstudd og engin gögn séu til sem styðji hana. Þá hafi engin slík krafa komið fram við gerð þeirrar arðskrár sem nú sé í gildi en samkvæmt henni fái Landgræðslan engan arð vegna veiðiréttar þessara jarða.

7.10 Bolholt

Í bréfi Landgræðslu ríkisins, umráðahafa ríkisjarðarinnar Bolholts á Rangárvöllum, er upplýst að ágreiningur sé um landamerki milli Bolholts og Svínhaga við Ytri-Rangá. Kemur þar fram að eigandi Svínhaga telji að landgræðslugirðing sem liggi frá Geldingabæli í Ytri-Rangá sé á mörkum milli jarðanna og hafi hann vísað til þess að þegar land hans hefði verið deiliskipulagt hefði hann fengið um það munnlegar upplýsingar frá Landgræðslunni að girðingin væri á mörkunum. Þá hefðu heldur engar athugasemdir verið gerðar við deiliskipulagið þegar það hafi verið auglýst. Loks hafi hann bent á að venjan hefði verið sú að girða á mörkum jarða og því væri líklegt að landgræðslugirðing hefði verið sett upp á mörkum jarðanna.

Af hálfu Landgræðslu ríkisins er á því byggt að mörk jarðanna liggi frá Geldingabæli í vörðu norðvestan við Járnlaugsstaði. Því til stuðnings er vísað til meðfylgjandi loftmyndar, þar sem mörk jarðanna eru sýnd 200 m norðar en þar sem umrædd girðing komi í ána. Hafi loftmyndin verið unnin eftir landamerkjalyðingu Bolholts frá 7. október 1889 og gps-

punktum sem teknir hafi verið á Geldingabæli og vörðu norðvestan við Járnlauugsstaði, sem beri heitið Gráflekkubarða. Fulltrúar jarðeigenda hafi farið á vettvang í þeim tilgangi að reyna að varpa frekara ljósi á landamerkin en sú ferð hafi ekki leitt til sameiginlegrar niðurstöðu um legu markanna. Þar sem ekki sé fyrirséð að niðurstaða náist um þennan ágreining í bráð fari Landgræðsla ríkisins fram á að arður vegna hins umdeilda svæðis verði greiddur til eigenda Bolholts, enda telji stofnunin að gögn bendi til þess að landið tilheyri þeirri jörð. Til vara sé farið fram á að haldið verði eftir greiðslum vegna hins umdeilda svæðis, þær greiðslur sérgreindar og arður verði ekki greiddur út fyrr en sátt eða niðurstaða hafi fengið í deilumálið. Meðfylgjandi sé kort er sýni hið umdeilda svæði.

7.11 Svínhagi

Eigandi jarðarinnar mótmælir túlkun eiganda Bolholts, Landgræðslu ríkisins, á því hvar mörkin milli jarðanna liggja. Ekki hafi verið lögð fram gögn sem sanni með óyggjandi hætti að þau séu önnur en talið hafi verið um langan tíma og skilgreint sé með landamerkjagirðingu milli jarðanna. Þá sé og vísað til mótmæla fyrri eiganda Svínhaga, sem getið er um í bréfi eiganda Bolholts. Samkvæmt þessu kveðst eigandinn telja eðlilegt að arður vegna hins umdeilda svæðis verði greiddur til hans eða að hann verði sérgreindur og honum haldið eftir þar til ágreiningur milli jarðanna verði leystur.

7.12 Haukadalur

Eigendur tveggja spildna úr jörðinni Haukadals, sem auðkenndar eru með landnúmerunum 210910 og 210911, vísa til meðfylgjandi kaupsamninga og annarra gagna þar sem fram komi að þáverandi eigandi Haukadals, sem nú sé látinn, hafi selt þeim spildurnar á árinu 2006. Spildurnar liggja báðar að Ytri-Þverá og eftir söluna eigi jörðin Haukadalur ekki land að ánni. Telji þeir að veiðiréttur í ánni fyrir landi þeirra hafi fylgt með í kaupunum, enda hafi hann ekki sérstaklega verið undanskilinn við söluna.

Eftir að eigendum lögbýlisins Haukadals voru kynnt framangreind sjónarmið eigenda spildnanna tveggja sendi eigandi 57,2% hluta jarðarinnar greinargerð til matsnefndar þar sem hann mótmælir þessum sjónarmiðum. Kemur þar fram að hinn 23. júní 2006 hafi faðir hans og þáverandi eigandi jarðarinnar selt 44,63 ha spildu úr landi jarðarinnar. Árið eftir hafi þeirri spildu verið skipt upp í tvær 22,3 ha spildur, sem fengið hafi landnúmerin 210910 og 210911. Þrátt fyrir söluna hafi faðir hans fengið útgreiddan fullan arð fyrir árin 2006 og 2007 vegna hlutdeildar Haukadals í arði Ytri-Rangár, án athugasemda frá kaupendunum. Hins vegar hafi kaupendurnir farið að gera tilkall til arðsins eftir að faðir hans lést í júní 2008. Kveðst eigandinn frá upphafi hafa mótmælt þessu tilkalli þeirra til arðsins en vegna ágreiningsins hafi veiðifélagið tekið þá ákvörðun að greiða arðinn eftir það inn á sérstakan geymslureikning. Þar hafi hann svo legið óhreyfður frá árinu 2008.

Eigandi lögbýlisins bendir á að það sé rótgróin regla í íslenskum rétti að veiðiréttur í laxveiðiám skuli fylgja lögbýlum. Sé á því byggt að óheimilt sé að skilja veiðiréttinn frá viðkomandi lögbýli og láta hann fylgja útskiptum spildum og skipti lega viðkomandi spildna engu máli í því sambandi. Hafi framangreind regla fyrst komið inn í löggjöf við gildistöku vatnalaga nr. 15/1923, en þar hafi verið lagt bann við að réttur til fiskveiði í ám

og vötnum væri skilinn frá landareign. Í 1. gr. laganna sé landareign skilgreind sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Með 94. gr. laga nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, hafi 121. gr. vatnalaga verið felld úr gildi en hliðstætt ákvæði, um bann við aðskilnaði veiðiréttar frá landareign, tekið upp í 2. gr. hinna nýju laga. Frá þeim tíma hafi efnislega samhljóða ákvæði um bann við að aðskilja veiðirétt frá landareign verið í lögum um lax- og silungsveiði allt til ársins 2006 (4. tl. 2. gr. laga nr. 112/1941, 4. tl. 2. gr. laga nr. 53/1957 og 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970). Í lögum nr. 61/2006, sem leyst hafi síðastnefnd lög af hólmi, sé ekki lengur talað um landareign en kveðið á um það í 9. gr. að ekki megi skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign. Umrædd regla hafi jafnframt verið áréttuð af dómstólum.

8. Skipting arðs

8.1 Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 1. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012 er veiðifélagi skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 11. gr. samþykktu fyrir Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár segir og að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. Landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldis-skilyrða fisks. Þá er í 7. gr. reglugerðarinnar um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurjöfnun á veiði eða úthlutun arðs af henni.

Í arðskrármati nú er hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta. Í köflum 8.2, 8.3 og 8.4, svo og kafla 9 hér á eftir, er greint frá niðurstöðum matsnefndar um það hvernig einingum er skipt með tilliti til þeirra þátta sem tilteknir eru í framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum. Sundurliðun eininga á einstaka veiðiréttareigendur má sjá í kafla 10.

Eigendur Helluvaðs 3 krefjast þess að þeir landeigendur sem leggi land undir sleppitjarnir fái bætur við ákvörðun arðskrár vegna þess átroðnings sem verði þegar hirt séu seiði í tjörnunum. Ósanngjarnt sé að eigandi bakkans á móti fái aukna veiði án þess að leggja neitt til sjálfur. Matsnefnd, og þar á undan yfirmatsnefnd, hefur í fyrri matsgerðum ítrekað hafnað sjónarmiðum um að umbuna beri þeim sérstaklega sem þurfa að þola aukna umferð eða átroðning á sínum bakka umfram eiganda gagnstæðs bakka, hvort sem það er vegna betra aðgengis þeim megin af náttúrulegum ástæðum, vegna vegalagningar, sleppitjarna eða vegna annarra tengdra framkvæmda. Verður það einnig gert nú og er kröfu þessari því hafnað.

Í köflum 7.1 og 7.2 er lýst ágreiningi milli annars vegar eigenda jarðanna Hrafnatófta 1 og 2 og hins vegar eiganda jarðarinnar Odda um eignarhald á svonefndri Hrafnatóftaeyju. Af landamerkjabréfi og umsögnum aðila verður ráðið að Ytri-Rangár skuli ráða merkjum milli

jarðanna á umræddu svæði og að áin hafi runnið beggja vegna eyjunnar allt þar til fyrir nokkrum áratugum. Með hliðsjón af því, og þar sem ekkert er fram komið um að Hrafnfótaeyja teljist séreign Hrafnfóta 1 og 2 eða Odda, eða að henni hafi verið skipt á milli jarðanna með einhverjum hætti, verður lagt til grundvallar að hún teljist í óskiptri sameign þeirra. Þar sem Ytri-Rangá rennur nú einungis vestan megin við eyjuna leiðir af því að í mati þessu fá Hrafnfóttir 1 og 2 í sinn hlut helming af þeim 22,8 einungum sem úthlutað er á þennan hluta austurbakka árinna en Oddi hinn helminginn.

Í köflum 7.5, 7.6 og 7.7 er lýst ágreiningi sem uppi er, annars vegar milli eigenda Snjallsteinshöfða 1 og 2 og hins vegar eiganda Geldingalækjar, um eignarhald að tveimur hólum í Ytri-Rangá, sem eigendur Snjallsteinshöfða kalla Ytríey og Eystríey en eigandi Geldingalækjar kallar Geldingalækjarhólma. Af landamerkjaskrá umræddra jarða verður ráðið að Ytri-Rangá ráði merkjum milli þeirra en í engu er þar getið hólmanna. Eigendur Snjallsteinshöfða 1 og 2 vísa m.a. til þess að í landskiptagerð fyrir jörðina Snjallsteinsstaði frá árinu 1984 komi fram að hólmanir í Ytri-Rangá teljist óskipt sameign milli eigenda Snjallsteinshöfða 1 og 2. Þá vísa eigendur Snjallsteinshöfða 1 til þess að í örnefnaskrá fyrir land Snjallsteinshöfða komi fram að minni hólminn, Ytríey, sé í landi Geldingalækjar en sá stærri, Eystríey, sé sameiginleg eign Snjallsteinshöfða og Geldingalækjar. Hafa eigendur Snjallsteinshöfða 1 lýst því yfir að þeir telji þá niðurstöðu málsins sanngjarna en eigandi Snjallsteinshöfða 2 mótmælir því hins vegar alfarið að hólmanir teljist séreign Geldingalækjar. Ekkert liggur fyrir um aðkomu þáverandi eiganda Geldingalækjar að framangreindri landskiptagerð og örnefnaskrá og mótmælir núverandi eigandi gildi þeirra við úrslausn ágreiningsins. Þar sem engin gögn hafa verið lögð fyrir matsnefnd sem sýna ótvírætt fram á að hólmar þessir teljist séreign Geldingalækjar verður lagt til grundvallar í mati þessu að þeir teljist í óskiptri sameign, annars vegar milli jarðanna Snjallsteinshöfða 1 og 2 og hins vegar Geldingalækjar.

Í kafla 7.8 var rakið erindi Landgræðslu ríkisins til matsnefndar þar sem fram kemur að með afsali, dags. 15. júlí 1945, hafi Sandgræðsla ríkisins, sem nú heiti Landgræðsla ríkisins, eignast hluta úr jörðinni Tjörvastöðum. Ágreiningur hafi verið um gildi afsalsins en með dómi Hæstaréttar frá 12. júní 2012, í málinu nr. 554/2011, hafi eignarhaldið að landinu verið staðfest. Sé nú ljóst að um sé að ræða 397 ha spilda, en annað land jarðarinnar sé spilda nyrst, rúmir 100 ha að stærð, og spilda syðst, rúmir 80 ha. Sé óskað eftir því að mál þetta verði unnið í samræmi við lög og reglur um skiptingu veiðihlunninda í ljósi eignarhalds stofnunarinnar að stærstum hluta jarðarinnar. Einn eigandi lögbýlisins Tjörvastaða hefur mótmælt því að Landgræðslan hafi með eignarhaldi sínu á spildunni eignast einhvern hluta af veiðiréttindum jarðarinnar. Það er meginregla í íslenskum rétti að hver maður eigi veiði fyrir landi sínu. Hefur samsvarandi regla verið lögfest í lögum um lax- og silungsveiði. Óumdeilt er að umrædd 397 ha spilda liggur hvergi að sjálfri Ytri-Rangá heldur liggur hún einungis á 973 m kafla að læk, sem aðilar kalla Tjörvastaðalæk en nefndur er Bjallalækur/Kerlaug í búsvæðamati. Þá liggur fyrir að ekkert er kveðið á um það í afsalinu um spilduna frá 15. júlí 1945 að veiðiréttindi skuli fylgja með í kaupunum. Að því virtu, og þar sem ekkert annað hefur komið fram í málinu sem leitt getur til þeirrar niðurstöðu að úthluta beri eiganda spildunnar hluta af arði vegna veiðiréttinda Tjörvastaða

í Ytri-Rangá, verður það ekki gert í mati þessu. Hins vegar telur matsnefnd rétt, með hliðsjón af því að landspildan liggur að nefndum læk og vegna þeirrar óvissu sem kann að vera uppi um veiðirétt að þeim hluta, að taka fram að úthlutað er 0,2 einingum vegna spildunnar.

Í kafla 7.9 er rakinn ágreiningur milli Landgræðslu ríkisins annars vegar og eigenda Þingskála og Kaldbaks hins vegar um eignarrétt að spildu úr þeim jörðum, sem Landgræðslan telur sig hafa eignast með þinglýstu afsali 21. júní 1939. Eigendur jarðanna mótmæla því að Landgræðslan eigi slíkan eignarrétt að spildunni að leitt geti til arðsúthlutunar henni til handa. Fyrir liggur að spilda þessi liggur ekki að Ytri-Rangá en Víkingslækur rennur þar um að hluta. Með vísan til þessa, og þeirra raka sem tilgreind voru hér að framan vegna spildunnar úr landi Tjörvastaða, verður ekki úthlutað sérstökum arði vegna þessarar spildu. Hins vegar telur matsnefnd rétt, með hliðsjón af því að umrædd landspilda liggur á 1.358 m kafla að Víkingslæk og vegna þeirrar óvissu sem kann að vera uppi um veiðirétt að þeim hluta, að taka fram að úthlutað er 3 einingum vegna hans.

Eins og fram kemur í kafla 7.10 og 7.11 er ágreiningur milli eigenda jarðanna Svínhaga og Bolholts um landamerki milli jarðanna við Ytri-Rangá, en um er að ræða 197 m langan bakka árinna. Fyrir liggur að við gerð fyrri bakkamælingar, og þar með í fyrri arðskrá, var við það miðað að umrætt svæði tilheyrði Svínhaga. Er það álit matsnefndar, með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir hana hafa verið lögð, að engin efni séu til að hreyfa við þeim forsendum. Verður því í mati þessu við það miðað að umrætt svæði tilheyrði Svínhaga. Matsnefnd tekur fram að úthlutað er 3 einingum til Svínhaga vegna þessa hluta bakkans.

Eigendur tveggja spildna, sem liggja að Ytri-Rangá og seldar voru úr jörðinni Haukadalsdal á árinu 2006, halda því fram að allur veiðiréttur jarðarinnar í Ytri-Rangá hafi fylgt með í kaupunum, enda hafi hann ekki sérstaklega verið undanskilinn við söluna. Núverandi eigendur Haukadalsdal mótmæla því að veiðirétturinn hafi fylgt við söluna enda sé sú regla rötgróin í íslenskan rétt að óheimilt sé að skilja veiðirétt frá viðkomandi lögbýli og láta hann fylgja útskiptum spildum. Skipti lega spildnanna í því sambandi engu máli. Er sjónarmiðum aðilanna nánar lýst í kafla 7.12 hér að framan. Eins og að framan er rakið er það meginregla í íslenskum rétti að hver maður eigi veiði fyrir landi sínu. Hefur samsvarandi regla verið lögfest í lögum um lax- og silungsveiði. Þannig er kveðið á um það í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, sem í gildi voru á þeim tíma þegar undir afsalið var ritað, að landeiganda væri einum heimil veiði á landi sínu, enda væri ekki á annan veg mælt í lögnum. Þar sem ágreiningur um eignarréttindi fellur utan úrskurðarvalds matsnefndar mun nefndin ekki taka afstöðu til þessa ágreiningsefnis.

8.2 Aðstaða til stangveiði

Við mat á aðstöðu til stangveiði leggur matsnefnd almennt til grundvallar veiðitölur samkvæmt skilagreinum frá veiðifélaginu um skiptingu veiði eftir einstökum veiðistöðum á því tímabili sem liðið er frá því að gildandi arðskrá var unnin.

Eigendur jarðanna Helluvaðs 3 og Bjólu hafa farið fram á að matsnefnd hafi sama hátt á við gerð arðskrár nú og viðhafður hafi verið í gildandi arðskrá allt frá árinu 2002, þannig að arðskráin verði uppfærð árlega og einingar fyrir veiði miðist alltaf við síðustu fimm árin fyrir gerð arðskrár. Falli þannig elsta árið úr viðmiðinu en nýtt ár komi í staðinn. Sé þetta eðlilegt með tilliti til þess að veiði í ánni sé mjög breytileg milli ára og einstakra veiðistaða. Samkvæmt 5. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006 skal matsnefnd gera grein fyrir niðurstöðu sinni í skriflegum úrskurði. Felst í slíkum úrskurði endanleg niðurstaða stjórnvalds um þann ágreining sem til úrskurðar er hverju sinni, í þessu tilviki gerð arðskrár, og getur niðurstaða hans ekki verið háð einhverjum óákveðnum eða ókomnum forsendum. Leiðir af þessu, og því ákvæði 6. mgr. 41. gr. tilvitnaðra laga að krefjast megi endurskoðunar á arðskrá átta árum frá gildistöku hennar, að frá gildistöku arðskráúrskurðar skuli gilda ein og óbreytt arðskrá. Samkvæmt því telur matsnefnd ekki unnt að fallast á framangreinda kröfu um árlega uppfærslu arðskrárinnar.

Eigandi Árbæjar krefst þess að tekið verði tillit til þeirrar hlutfallslegu minnkunar sem orðið hafi á veiði fyrir neðan Árbæjarfoss eftir að gerðar voru endurbætur á laxastiga árið 2002. Telur hann að við arðskiptinguna beri að taka mið af veiðinni neðan Árbæjarfoss eins og hún hafi verið fyrir þessar endurbætur. Samanburður á veiðitölum úr veiðistöðunum Árbæjarkvísl, Árbæjarbreiðu og Árbæjarfossi, annars vegar á árunum 1997-2001 og hins vegar árunum 2002-2006, leiðir í ljós að mikil hlutfallsleg minnkun verður á veiði úr þessum veiðistöðum frá og með árinu 2002, eða strax eftir endurbæturnar. Við skoðun á veiði á einstökum veiðistöðum í Ytri-Rangá kemur í ljós að hún er mjög breytileg milli ára. Getur þar margt komið til. Þannig geta til dæmis endurheimtur vegna seiðasleppinga úr einstökum sleppitjörnum verið mjög mismiklar milli ára, auk þess sem aðstæður á einstökum veiðistöðum geta tekið miklum breytingum, sérstaklega þar sem botn árinna er laus vikubotn. Loks skal á það bent að árin 2012 og 2013 var laxastiganum í Árbæjarfossi lokað enda talið að ekki hefði hlotist sá hagur af notkun hans sem að hefði verið stefnt, þannig að lax myndi veiðast í mjög auknum mæli ofan stigans og stuðla þannig að því að vatnasvæði félagsins í heild yrði gjöfulla og verðmætara. Með allt framangreint í huga telur matsnefnd þó að þessi breyting neðan Árbæjarfoss sé umfram það sem telji megi eðlilegt og að líta beri svo á að hana megi, alla vega að hluta, rekja til umrædds mannvirkis. Þykir því rétt að bæta jörðunum næst neðan við Árbæjarfoss þá minnkun sem varð á laxveiði á umræddu tímabili. Er því úthlutað 40 einingum aukalega vegna þessa svæðis og skiptast þær þannig: Árbær, Árbæjarhjáleiga, Breiðibakki og Árbæjarhellir 17 einingar, Heiðarbrún 3 einingar og Helluvað 20 einingar.

Með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið um miklar sveiflur í veiði milli veiðistaða og svæða á vatnasvæðinu er það niðurstaða matsnefndar að í mati þessu beri að miða við veiðitölur tímabilsins 1997-2013, að báðum árum meðtöldum. Samkvæmt fyrirbyggjandi veiðitölum frá veiðifélaginu var heildarveiði á skráðum veiðistöðum á þessu tímabili samtals 70.787 laxar og 2.741 silungur.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 6.250 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að skipta beri 300 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í silungsveiði.

8.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns. Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrymi lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert.

Eins og áður hefur komið fram var ný mæling gerð á bakkalengd vatnasvæðisins í tengslum við mat þetta. Samkvæmt meðfylgjandi skýrslu Landnota ehf. um mælinguna, dags. 14. janúar 2014, var hún unnin eftir loftmyndum af svæðinu og kemur þar fram hvernig mælt var.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.500 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd vatnasvæðisins. Samkvæmt fyrrgreindum viðmiðum fá bakkar Hólsár, frá ósi í sjó allt að Árbæjarfossi í Ytri-Rangá, vægið 1. Svæðið frá Árbæjarfossi að Selgili fær vægið 0,7, svæðið þaðan að Klapparfossi fær vægið 0,4 og svæðið ofan við Klapparfoss fær vægið 0,1. Mældir bakkar lækja fá ekkert vægi í þessum þætti matsins en á þá er lagt sérstakt mat í kafla 9 hér á eftir.

8.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Taka ber tillit til þessa þáttar við gerð arðskrár skv. c-lið 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 og hefur við mat hans verið stuðst við mat sérfræðinga á búsvæðum viðkomandi vatnasvæðis, sé það fyrirbyggjandi.

Fyrir liggur skýrsla Magnúsar Jóhannssonar, starfsmanns Veiðimálastofnunar á Selfossi, sem ber heitið Endurmat á búsvæðum fyrir laxfiska á vatnasvæði Ytri-Rangár - Hólsár, VMST/11054. Þar er Ytri-Rangá skipt í 13 einsleita kafla með tilliti til búsvæða, allt frá Fossabrekkum að ármótum við Þverá. Þar neðan við er Hólsá sem er skipt í tvo einsleita kafla frá ármótum til sjávar. Þá eru margir hliðarlækir metnir með tilliti til búsvæða.

Í búsvæðamatsskýrslunni er árbotninn sagður vera víðast fíngerð botnefni, s.s. sandur, vikur og fín möl, en óvída sé að finna grófgrýtt svæði sem hentug séu til uppeldis laxaseiða. Við mat á gerð botnsins var grófleiki hans flokkaður í fimm flokka og gróður-

þekja hans metin sem hlutfall af botnfleti. Hæsta gildi fékk smágrýti með 7-20 cm korna-stærð, en þar á eftir mól og stórgrýti. Fram kemur að hverjum kafla hafi verið reiknaðar svokallaðar framleiðslueiningar, sem sé margfeldi flatarmáls árbotsins og summu framleiðslugilda fyrir botngerð og gróðurþekju deilt með 1000. Framleiðslueiningar fyrir lax hafi síðan verið margfaldaðar með hitastuðli. Auk framangreindra þátta hafi verið stuðst við leiðni árvatnsins (frjósemi) og útbreiðslu, vöxt og þéttleika seiða samkvæmt seiðarannsóknunum. Þá kemur fram í skýrslunni að hitastig árinna hafi reynst svo lágt á fjórum efstu árköflunum sem mældir voru að laxaseiði geti ekki þrífist þar. Nýtist það svæði því ekki sem búsvæði fyrir lax. Það sama eigi við um suma af hliðarlækjum árinna.

Í búsvæðamatinu eru framleiðslueiningar bæði gefnar út á uppeldisskilyrði fyrir lax og urriða. Lengd árkafla var mæld eftir kortum í mælikvarðanum 1:50.000. Árbreidd var mæld á vettvangi. Í fyrirliggjandi skýrslu Landnota ehf. kemur fram landlengd hverrar jarðar innan hvers búsvæðakafla. Í samráði við fyrrgreindan starfsmann Veiðimálastofnunar voru þær lengdartölur margfaldaðar með framleiðslueiningum á lengdarmetra til þess að fá út framleiðslueiningar á hverja jörð.

Sérstakt mat er lagt á búsvæði í kvíslunum tveimur sitt við Gaddastaðaeyju og Ægissíðu-eyju. Þessar tvær eyjar eru í eigu sitt hvorrar jarðarinnar og eru lengdarmælingar eyjanna notaðar við útreikninga á framleiðslueiningum samkvæmt búsvæðamati. Aðrar eyjar í ánum eru miklu minni og eru kvíslar þar ekki sérmetnar í búsvæðamati. Af þeim sökum eru lengdarmælingar þeirra ekki notaðar við útreikning á framleiðslueiningum samkvæmt búsvæðamati.

Við mat á vægi búsvæða í mati þessu er tekið tillit til þess að veiðar í ánni byggjast fyrst og fremst á seiðasleppingum. Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 660 einingum milli veiðiréttareigenda á vatnasvæðinu vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða á laxi og 50 einingum vegna urriða. Þessum einingum er skipt milli jarða á grundvelli útreiknaðra framleiðslueininga, eins og áður hefur verið rakið.

9. Lækir

Margir lækir falla í Ytri-Rangá. Þeir eru mjög misstórir og vægi þeirra mjög mismunandi, sbr. fyrirliggjandi skýrslu um búsvæðamat. Engin veiði er skráð í þessum lækjum. Niðurstaða matsnefndar er að úthluta alls 200 einingum út á þessa hliðarlæki og er þeim skipt milli jarða að teknu tilliti til búsvæðamats, vatnsmagns og landlengdar. Hér á eftir er rakið hve mörgum einingum er úthlutað á hvern læk með tilliti til þeirrar viðmiðunar sem hér að framan er nefnd.

Hraunteigslækur/Næfurholtslækur

Lækurinn er um 5 km á lengd og rennur í landi Næfurholts. Fær jörðin 3 einingar út á lækinn.

Vatnagarðslækur

Samkvæmt búsvæðamati er lækurinn fiskgengur um 750 m en samkvæmt bakkalengdar-mælingu er hann talinn 1.574 m. Syðri bakki lækjarins er í sameign jarðanna Leirubakka, Vatnagarða og Réttarness, sem eru metnar sameiginlega í arðskrá. Að norðan er jörðin Galtalækur. Í heild er úthlutað 2 einingum, sem skiptast jafnt milli bakka lækjarins.

Höfðalækur efri

Lækurinn rennur í Ytri-Rangá í landi Svínhaga en allur efri hluti lækjarins er í landi Haukadals. Úthlutað er 0,4 einingum út á lækinn og koma 0,3 þeirra í hlut Haukadals en 0,1 í hlut Svínhaga.

Selsundslækur/Svínhagalækur

Samkvæmt búsvæðamati er talið að aðeins neðri hluti lækjarins sé fiskgengur, eða um 5 km. Alls er lækurinn mældur 6.661 m í landi Svínhaga en 883 m í landi Selsunds. Úthlutað er 37,3 einingum út á lækinn og koma þær allar í hlut Svínhaga.

Höfðalækur neðri

Lækurinn er um 1 km að lengd en hann er aðeins fiskgengur að þjóðvegi, eða um 100 m. Úthlutað er 0,3 einingum út á lækinn og koma þær í hlut Kaldbaks/Þingskála.

Víkingslækur

Lækurinn er í heild um 8 km og rennur hann í Ytri-Rangá við Heiðarvað, gengt Selsgili. Niðurstaða matsnefndar er að úthluta 51 einingu út á þennan læk. Skiptast þær þannig að 8 einingar koma í hlut Kaldbaks, 21 eining á Heiði og 24 einingar á Kaldbak/Þingskála, þar af 3 einingar út á lækinn innan landgræðslugirðingar.

Heiðarlækur

Neðsti hluti lækjarins rennur um land Geldingalækjar en efri hlutinn um land Heiðar. Vegna lækjarins er úthlutað 8 einingum og fær Heiði 6 einingar en Geldingalækur 2 einingar.

Geldingalækur

Lækurinn rennur um land samnefndrar jarðar og fær jörðin úthlutað 8 einingum vegna lækjarins.

Tjörvastaðalækur (Bjallalækur)

Lækurinn kemur upp í landi jarðarinnar Lækjarbotna um 11 km frá Ytri-Rangá. Rennur hann síðan um land jarðanna Bjalla, Lunansholts, Efra- og Neðrasels og Tjörvastaða. Lítil þverlækur, Kerlaug, kemur í lækinn úr spildu innan landgræðslugirðingar. Úthlutað er 24 einingum út á Tjörvastaðalæk og koma 6 þeirra í hlut Tjörvastaða, þar af 0,2 einingar út á lækinn innan landgræðslugirðingar. Þá koma 17 einingar í hlut Bjalla, Efra-Sels og Neðra-Sels og 1 eining í hlut Lunansholts.

Selgil

Efstu drög munu koma úr landi Holtsmúla en annars rennur lækurinn að mestu á mörkum jarðanna Bjalla, Efra-Sels og Neðra-Sels annars vegar en Austvaðsholts hins vegar. Úthlutað er 64 einingum út á lækinn og skiptast þær jafnt milli bakkanna.

10. Sundurliðun eininga

Matseining	Land	Veiði	Búsv.	Lækir	Uppb.	Alls
Landmannaafréttur	10,4		0,9			11,3
Merkihvoll	39,9		3,4			43,3
Næfurholt /Hólar	68,7	4,5	7,1	3,0		83,3
Galtalækur	22,9	4,4	2,8	1,0		31,1
Leirubakki, Vatnagarðar og Réttarnes	110,6	4,8	18,0	1,0		134,4
Haukadalur	24,7	0,4	4,0	0,3		29,4
Svínhagi	107,8	3,0	17,5	37,4		165,7
Stóru-Vellir	35,4	0,7	5,8			41,9
Húsagarður	56,5	1,4	9,2			67,1
Bolholt	68,5	2,2	11,1			81,8
Hrólfstaðahellir	67,6	13,3	11,0			91,9
Kaldbakur/Pingskálar	78,1	14,0	12,6	24,3		129,0
Tjörvastaðir	17,9	5,4	2,9	6		32,2
Kaldbakur	15,4	15,9	2,5	8		41,8
Bjalli, Efra-Sel, Neðra-Sel	13,0	13,2	2,1	49		77,3
Lunansholt				1		1,0
Heiði	19,2	13,7	1,8	27		61,7
Austvaðsholt	34,8	17,2	3,2	32		87,2
Snjallsteinshöfði 1 og 2	81,9	4,9	7,4			94,2
Geldingalækur	147,1	11,5	20,1	10		188,7
Gröf	0,5		0,1			0,6
Árbakki	54,2	82,0	13,4			149,6
Árbær, Árbæjarháleiga, Breiðibakki, Árbæjarhellir	119,1	264,9	29,6		17	430,6
Heiðarbrún	20,9	46,8	5,5		3	76,2
Helluvað 1-3 og Nes	196,8	437,7	49,5		20	704,0
Ægissíða 1-4	196,5	2006,7	72,5			2.275,7
Gaddstaðir	189,6	1725,6	77,9			1.993,1
Selalækur	28,7	124,6	8,5			161,8
Hrafnfóttir 1 og 2	173,9	287,8	51,4			513,1
Oddahverfi	85,1	49,3	25,1			159,5
Bjóla og Bjóluháleiga	52,8	440,8	22,9			516,5
Þykkvibær	361,5	953,3	210,2			1.525,0
	2.500	6.550	710	200	40	10.000

11. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af matsgerð þessari, 5.353.811 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár og rennur hann í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012.

Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Landmannaafréttur	11,3
Merkihvoll	43,3
Næfurholt/Hólar	83,3
Galtalækur	31,1
Leirubakki, Vatnagarðar, Réttarnes	134,4
Haukadalur	29,4
Svínhagi	165,7
Stóru-Vellir	41,9
Húsagarður	67,1
Bolholt	81,8
Hrófsstaðahellir	91,9
Kaldbakur/Pingskálar	129,0
Tjörvastaðir	32,2
Kaldbakur	41,8
Bjalli, Efra-Sel, Neðra-Sel	77,3
Lunansholt	1,0
Heiði	61,7
Austvaðsholt	87,2
Snjallsteinshöfði 1 og 2	94,2
Geldingalækur	188,7
Gröf	0,6
Árbakki	149,6
Árbær, Árbæjarhjál., Breiðib., Árbæjarh.	430,6
Heiðarbrún	76,2
Helluvað 1-3 og Nes	704,0
Ægissíða 1-4	2.275,7
Gaddstaðir	1.993,1
Selalækur	161,8
Hrafnfóttir 1 og 2	513,1
Oddahverfi	159,5
Bjola og Bjóluhjáleiga	516,5
Þykkvibær	1.525,0

Samtals 10.000

Reykjavík 22. janúar 2014.

Hulda Rós Rúriksdóttir

sign.

Ásgeir Magnússon

sign.

Magnús Ólafsson

sign.

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Yfirlit yfir veiði lax, urriða og bleikju á árunum 1990 -2013, skipt á veiðistaði.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Skýrsla Magnúsar Jóhannssonar um búsvæði fyrir laxfiska á vatnasvæði Ytri-Rangár og Hólsár.
2. Skilagrein um niðurstöður örmerkja- og hreisturlestrar úr Ytri-Rangá 2012, gerð af Eydísi Heiðu Njarðardóttur og Guðna Guðbergssyni í febrúar 2013.
3. Bakkalengdarmæling gerð af Landnotum ehf., kort, exelskjal og greinargerð, dags. 17. janúar 2014.
4. Yfirlit yfir framkvæmdir veiðifélags sem hafa áhrif á fiskgengd á vatnasvæði félagsins.
5. Upplýsingar um gerð fiskirennu í Árbæjarfossi og upplýsingar um staðsetningar sleppitjarna.
6. Kort af vatnasvæði Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár.

C. Arðskrár

1. Arðskrá Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturbakka, dags. 18. desember 2002.
2. Uppreiknaðar arðskrár og arðgreiðslur fyrir árin 2002-2010.

D. Önnur gögn frá veiðifélagi

1. Bréf stjórnar Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár, dags. 5. júní 2009. Beiðni um arðskrá.
2. Samþykkt fyrir Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár nr. 1027/2012.
3. Leigusamningur um veiðirétt á vatnasvæði Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár, gerður 29. apríl 2010 vegna árána 2010 til 2013.
4. Rekstrarreikningur Veiðifélags Ytri-Rangár fyrir árin 2008, 2009, 2010, 2011 og 2012.
5. Landskiptagjörð vegna alls lands Þykkvabæjar frá 21. júní 1942.
6. Listi yfir veiðiréttareigendur.

E. Bréf frá veiðiréttarhöfum

1. Bréf Magnúsar Hafsteinssonar vegna jarðarinnar Haukadals, dags. 2. desember 2013.
2. Tölvupóstur Marteins Mátssonar hrl., fyrir hönd Ingva Þórs Ragnarssonar, Guðrúnar B. Guðmundsdóttur, Dórotheu H. Grétarsdóttur og Ingólfs A. Steingrímssonar, eigenda tveggja landspildna við Ytri-Rangá úr jörðinni Haukadall, dags. 23. nóvember 2011, ásamt eftirgreindum skjölum:
 - Afrit kaupsamnings/afsals, dags. 23. júní 2006.
 - Afrit stofnskjal vegna 44,63 ha spildu nr. 206925, dags. 20. apríl 2006.
 - Yfirlitsmynd vegna 44,63 ha spildu úr Haukadall, staðfest 5. apríl 2006.
 - Afrit bréfs landbúnaðarráðuneytisins, dags. 25. apríl 2007.
 - Afrit myndar af skiptingu Haukadalslands nr. 206925.
 - Afrit stofnskjal lóðar A (landnr. 210910) og lóðar B (landnr. 210911), dags. 16. febrúar 2007.
3. Bréf Önnu Maríu Kristjánsdóttur og Ara Árnasonar vegna jarðarinnar Helluvaðs, dags. 16. nóvember 2011.
4. Bréf Ásgeirs Þórs Árnasonar hrl., fyrir hönd Gunnars Andrésar Jóhannssonar, eiganda Árbæjar, dags. 16. nóvember 2011.
5. Bréf Sæmundar B. Ágústssonar eiganda Bjólu, dags. 15. nóvember 2011.
6. Afrit yfirlýsingar eigenda Hrafntófta 1 og Hrafntófta 2, dags. 28. janúar 2005, ásamt tveimur myndum af Hrafntóftaeyju.
7. Afrit yfirlýsingar eigenda Bjólu I, Bjólu II og Bjólujáleigu, dags. 9. febrúar 2005.
8. Bréf Sveins Runólfssonar landgræðslustjóra, fyrir hönd Landgræðslu ríkisins, dags. 12. nóvember 2012, vegna jarðanna Bolholts, Geldingalækjar, Tjörvastaða, Þingskála og Kaldbaks, ásamt myndum vegna jarðanna.
9. Bréf Birkis Snæs Fannarssonar hdl., f.h. Landgræðslu ríkisins, dags. 26. nóvember 2013, vegna jarðarinnar Tjörvastaða, ásamt eftirtöldum skjölum:
 - Vinnumynd vegna skiptingar lands Tjörvastaða.
 - Afrit bréfs fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 19. mars 2013.
 - Afrit bréfs atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 14. mars 2013, um staðfestingu landskipta.
 - Yfirlitsmynd yfir eignarland Landgræðslu ríkisins úr landi Bjalla, Efra-Sels og Neðra-Sels.
10. Bréf Sævars Jónssonar eiganda Snjallsteinshöfða II, dags. 27. nóvember 2013, ásamt eftirgreindum skjölum:
 - Afrit landskiptagjörðar 11. júlí 1984.
 - Afrit landskipta 20. júlí 1984.

11. Bréf eigenda Snjallsteinshöfða I, dags. 2. desember 2013, ásamt eftirgreindum skjölum:
 - Afrit skjals vegna landsskipta Snjallsteinshöfða 20. júlí 1984.
 - Afrit örnefnaskrár yfir land Snjallsteinshöfða.
 - Afrit landamerkjabréfs jarðanna Snjallsteinshöfða og Snjallsteinshöfðahjáleigu, dags. 30. desember 1884.
12. Bréf Arionbanka hf. vegna jarðarinnar Svínhaga, dags. 2. desember 2013.
13. Bréf Ernu Hannesdóttur og Hjartar Egilssonar eigenda Tjörvastaða, dags. 28. nóvember 2013, ásamt eftirgreindum skjölum:
 - Yfirlitsmynd yfir skiptingu lands Tjörvastaða.
14. Ódagsett bréf Sólveigar Sigurðardóttur og Sigríðar H. Heiðmundsdóttur vegna jarðanna Þingskála og Kaldbaks.
15. Bréf Guðmundar Þórs Guðmundssonar lögr., f.h. fasteignanefndar þjóðkirkjunnar vegna kirkjumálasjóðs, dags. 15. janúar 2014, ásamt eftirgreindum skjölum:
 - Herfingjaráðskort af Odda og næsta umhverfi 1906/1907.
 - Landamerkjaskrá Odda, dags. 22. maí 1890.
16. Bréf Sæmundar B. Ágústssonar, f.h. eigenda Hrafntófta 1 og 2, dags. 21. janúar 2014.

F. Bréf matsnefndar

1. Bréf til veiðiréttareigenda, dags. 9. september 2009.
2. Bréf til veiðifélags, dags. 29. ágúst 2011.
3. Bréf til veiðiréttareigenda, dags. 21. október 2011.
4. Bréf til veiðifélags, dags. 10. september 2012.
5. Bréf til veiðifélags, dags. 18. mars 2013.
6. Bréf til Magnúsar Hafsteinssonar, dags. 15. nóvember 2013.
7. Bréf til eiganda Tjörvastaða, dags. 15. nóvember 2013.
8. Bréf til eiganda Svínhaga, dags. 15. nóvember 2013.
9. Bréf til eiganda Snallsteinshöfða I, dags. 15. nóvember 2013.
10. Bréf til eiganda Snjallsteinshöfða II, dags. 20. nóvember 2013.
11. Bréf til Landgræðslu ríkisins, dags. 15. nóvember 2013.
12. Bréf til eigenda/fyrirsvarsmanna Oddahverfis, dags. 15. nóvember 2013.